

25. maí 2018.

Blaðsíða | 1

Fræðsluráð Hafnarfjarðar

MINNISBLAÐ – Verklagsreglur um skólavist hafnfirskra grunnskólabarna, mál 1806328

Á fundi fræðsluráðs þann 26. júní 2018 eru lögð fram drög að verklagsreglum um skólavist hafnfirskra grunnskólanemenda. Fræðsluráð fær drögin til umræðu en gert er ráð fyrir að reglurnar, með þeim breytingum sem fræðsluráð vill gera, verði samþykktar af ráðinu fyrir næsta skólaár. Reglurnar eru krafa frá lögum um grunnskóla frá 2008 en í Hafnarfirði hafa slíkar reglur ekki fengið formlega umfjöllun í skólanefnd sveitarfélagsins. Regludrögin er að finna undir gögnum málsins á fundinum og þetta minnisblað er umfjöllun sem tengist þeim.

Regludrögin eru samin af skrifstofu fræðslu- og frístundapjónustunnar. Þau taka mið af reglum sem Reykjavíkurborg hefur samið og samþykkt (2017) og fylgja þær einnig með gögnum máls til kynningar og samanburðar við hafnfirsku drögin. Reglur Reykjavíkurborgar eru þær einu sem hafa farið í gegnum formlega samþykkt hjá sveitarfélögum á Íslandi að séð verður í fljótu bragði. Hafnfirsku drögin eru aðeins ítarlegri en þær reykvísku og er það bæði vegna séraðstæðna í Hafnarfirði og vegna sjónarmiða um að þörf sé á að hafa reglurnar aðeins öðruvísi eða ítarlegri en í Reykjavík. Drögin sem eru lögð fram eru í meginatriðum þær vinnureglur sem eru viðhafðar í dag um skólavist hafnfirskra grunnskólabarna. Mesta breytingin er í reynd skráningin. Að öðru leyti er vísað til regludraganna sjálfra varðandi inntak þeirra.

Í regludrögunum er vísað í reglur um seinkun og flýtingu náms í grunnskóla og fylgja þær einnig með í gögnum málsins.

Hluti af því að formfesta reglur um skólavist hafnfirskra grunnskólanemenda er m.a. vegna úrskurðar frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu dagsettur 1. mars 2018 – mál 1703544 í OS. Í úrskurði ráðuneytisins er ákvörðun skólastjóra um höfnun á skólavist í Áslandsskóla gerð ógild og óskað nýrrar ákvörðunar fræðsluyfirvalda. Úrskurður ráðuneytisins kom svoltið á óvart í sumu tilliti, t.d. að það er eins og að foreldrar eigi rétt á vali á skóla innan sveitarfélags í samræmi við 18. grein grunnskóla þótt að í greinargerð laganna frá 2008 sé það alls ekki réttur heldur æskilegur möguleiki sem hvert sveitarfélag stýri – sem gildir reyndar eingöngu í sveitarfélögum

sem reka fleiri en einn grunnskóla. Þá er einnig nefnt í úrskurðinum að skóli sem sótt er um megi ekki hafa of mikla vitneskju um væntanlegan nemanda, þ.e. mögulega hafna nemenda út frá sérþörfum hans (sem hann fær væntanlega uppfylltar í núverandi skóla). Sömuleiðis lítur ráðuneytið svo á að þær vinnureglur sem hafa verið viðhafar í Hafnarfirði hafi ekki verið nægjanlegar þar sem skráningu þeirra vantaði. En meginefni viðbragða Hafnarfjarðar við úrskurði ráðuneytisins er að leggja til formleg drög á skólavistarreglum, byggð á þeim vinnureglum sem eru til staðar. Til að slíkt sé mögulegt þarf fræðsluráð að staðfesta slíkar reglur.

Blaðsíða | 2

Úrskurði ráðuneytis er vísað til fræðsluráðs til afgreiðslu svo drög að skólavistarreglum er svar við úrskurði ráðuneytisins í því að ljúka afgreiðslu umrædds máls sömuleiðis.

Þetta minnisblað, ásamt öðrum gögnum sem tengjast því, er ætlað að gefa samhengi máls og benda á mikilvægi þess að fræðsluráð staðfesti skólavistarreglur fyrir hafnfirski grunnskólánemendur sem allra fyrst eftir nauðsynlega umræðu í ráðinu.

Virðingarfyllt,



Vigfús Hallgrímsson, þróunarfulltrúi grunnskóla